

Nd.

540. Lög

um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 20. mars).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti

árin 1929 og 1930, enda greiði það ekki hluthöfum hærri arð en fjóra af hundraði á því tímabili.

2. gr.

Árin 1929 og 1930 skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðal- aðsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Meðan fjelagið er undanþegið tekju- og eignarskatti, skal því vera skylt að veita allt að 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum fjelagsins, 30 á hvoru farrými, fyrsta og öðru, samkvæmt úthlutun mentamálaráðs Íslands, allt að 10 með sömu skipsferð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.